



Jöklarannsóknafélag Íslands

Fréttabréf

Nr. 44

Október 1993

HAUSTFUNDUR

Haustfundur félagsins verður haldinn 2. nóvember 1993 kl.
20:30 í Norrænahúsinu.

Á dagskrá verður:

1. Jöklabreytingar, einkum hin síðari ár. *Oddur Sigurðsson*
2. Kaffi
3. Fjallaferð í Pakistan. *Ari Trausti Guðmundsson*

HAUSTFUNDUR

Haustfundur félagsins verður haldinn þriðjudaginn 2. nóvember 1993 í Norrænahúsinu. Þar verða flutt tvö erindi:

JÖKLAR STÆKKA Á ÍSLANDI

Jón Eyþórsson veðurfræðingur byrjaði 1930 að mæla skipulega jökulsporða víða um land og fékk heimamenn til að halda því áfram og senda sér skýrslur um það árlega. Þessum mælingum hefur verið haldið áfram fram á þennan dag á vegum Jökla-rannsóknafélagsins. Liggja því fyrir mikil og merkileg gögn um breytingar á jöklum landsins í meira en hálfa öld.

Á þessum tíma hafa miklar breytingar orðið í veðurfari og jöklar gengið bæði upp og ofan. Framan af hopuðu allir jöklar landsins allt hvað af tók enda óvenju hlýtt í veðri um áratuga skeið. Svo þegar kólnaði á 7. áratug aldarinnar hættu flestir jöklar að hopa og hafa margir gengið fram síðan og sumir all-vasklega. Nú er óhætt að segja að flestir jöklar Íslands séu að vaxa. Frá þessu greinir Oddur Sigurðsson í máli og myndum.

FJALLAKLIFUR Í PAKISTAN

Eftir kaffi segir Ari Trausti Guðmundsson okkur frá ferð sinni með nokkrum félögum á fjöll í Pakistan en þar er að finna nokkra af allara hæstu fjallatindum jarðar.

Oddur Sigurðsson

HAUSTFERÐ JÖRFÍ

"13. september ferðin" var farin helgina 10.-12. september. Farið var í rútu frá Guðmundi Jónassyni kl. 8 á föstudagskvöld. Pöntuð hafði verið ca. 30 manna rúta en mættir voru 43 á aldrinum frá 5 til 65 ára og segiði svo að félagið sé á niðurleið! Á laugardaginn var farið inn í Heljargjá og gengið að Dórnnum. Nornakatlar voru skoðaðir meðan nokkrir voru að viðna í gamla skálanum, svona af gömlum vana.

Seinnipart dags var farið inn að Fóstrufelli að skoða Grindakvísl og fossinn Fleygi. Þar var fólkí kennt svolstið í líffærafræði skessna.

Eftir að menn höfðu borðað yfir sig var hafin upp raust við gítarundirleik.

Á sunnudagsmorgni var gengið inn í Jökulkrók og töluðu menn um miklar breytingar á jöklínnum á undanförnum árum.

Heim var haldið um kl. 2 síðdegis og ekið í gegn um Veiðivötn. Var mannskapurinn, þar á meðal fararstjóriinn Stefán Bjarnason, sammála um að ferðin hefði verið hin besta skemmtun.

Ástvaldur Guðmundsson

MÆLINGAR Á AFKOMU OG HREYFINGU Á VATNAJÖKLI 1993

Á þessu ári unnu félagar við Raunvísindastofnun og Landsvirkjun að mælingum á afkomu og skriðhraða á Síðujökli, Tungnaárvöklum, Dyngjujökli og Brúarjökli. Vetrarrafkoma var mæld í maí og settar upp stikur til mælinga á hreyfingu með GPS-staðsetningatækjum. Meðan unnið var á jökli var rekin viðmiðunarstöð í Jökulheimum og á Grímsfjalli þannig að nákvæmni í staðsetningu var um 2-4 m (differential GPS). Loks var í lok september farin ferð til þess að mæla heildarrafkому jökulsins í lok jökulárs og hreyfingu frá því í apríl. Þá var sett upp viðmiðunarstöð við Sigurðarskála í Kverkfjöllum og notuð GPS-tæki, sem fengust að láni hjá Trimble-umboðinu. Með þessum tækjum var skekkja í staðsetningu innan við 1 m. Allar þessar mælingar tókust vel svo að nú er unnt að reikna þann hraða sem jökullinn þarf að hafa til þess að bera afkomuna fram.

Afkoma allra jöklanna reyndist jákvæð þannig að þeir bættu allir við sig. Sérstaka athygli vekur að sumarrafkoma er jákvæð á ákomusvæðum Dyngjujökuls og Brúarjökuls. Á leysingarsvæði Dyngjujökuls er leysing nokkru meiri en í sömu hæð á Brúarjökli, t.d. í 800 m hæð er hún 4 m á Dyngjujökli en 3,5 m á Brúarjökli. Þessi munur stafar væntanlega að miklu leyti af því að á sporði Dyngjujökuls er mun meiri aska og sandur en á sporði Brúarjökuls. Á Tungnaárvöklum er sumarleysing í 800 m hæð hins vegar um 5 m og stafar það væntanlega af því að þar er hlýrra en á norðanverðum Vatnajökli.

Fram kom á árinu 1992 að á Tungnaárvöklum hafði hreyfing aukist verulega neðan við 1300 m frá því sem hún var árið 1986 og nú í haust kom í ljós að hraðinn hefur enn aukist og það á stærra svæði en í fyrra. Hraði Síðujökuls hefur einnig

aukist verulega og allmiklar sprungur hafa í haust komið fram á ákomusvæði hans. Sérstaka athygli vekur að s.l. vetur dró ekki úr hraða hans og bendir það til þess að botnskrið hafi aukist jafnt og þétt frá árinu 1992. Hér er um svo mikilvæga breytingu á hreyfingu að ræða að á næsta ári er stefnt að enn viðameiri mælingum á þessum jöklum til þess að lýsa hreyfingu á öllum jöklunum og hvernig hún breytist frá mánuði til mánaðar.

Á Dyngjujökli er hámarkshraði hins vegar aðeins hefmingur af því sem mældist á Tungnájökli og Síðujökli, en á Brúarjökli er hann enn lægri.

Helgi Björnsson

KULDASUMAR

Aftur er veisla hjá jöklum þetta árið. Meiri part sumars hlóð snjó ofan á Hofsjökul og var ekki fyrr en komið var undir ágústlok að svoltið hlýnaði og snjór sjatnaði þar litið eitt. Svo kalt og snjósamt sem sumarið 1992 var, þá var sumarið 1993 aðeins hálfdrættingur. Fyrra sumarið bráðnuðu 2 m af jökulís f 1000 m y.s. á Sátujökli en í sumar aðeins 1 m. Þótt trúlega sé þessarar aukningar ekki farið að gæta við jökuljaðarinn enn, þá má geta þess að nú er Múlajökull nýhlaupinn eða jafnvél enn að hlaupa og hefur jaðar hans ekki staðið jafn framarlega síðan um miðjan 4. áratug þessarar aldar. Jöklarnir gefa öllum spám um hlýnandi loftslag langt nef og halda sínu striki.

Oddur Sigurðsson

FRÁ SKÁLANEFND

Nýtt lyklakerfi er komið í skála félagsins. Hlutaðeigendur eru beðnir að taka það til athugunar við útlán á skálum.

Helgina 8.-10. október síðastliðinn fóru Jón Ísdal, Ástvaldur, Sverrir, Halldór og fleiri góðir menn inn í Jökulheima. Hrepptu þeir hið besta veður nema að morgni sunnudags. Þá var hvasst og snjókoma. Ýmsum eftirhreytum voru gerð skil svo sem frágangur á snögum og hillum. En aðaltilgangur ferðarinnar var að koma fyrir reykröri og reykháfi frá olíuofninum í gamla skálanum. Tókst það með prýði að sögn hlutaðeigandi.

Form skálans er mjög gott, hlutföll milli hæðar, breiddar og lengdar samsvara sér einkar vel. Eftir að reykháfurinn hefur verið settur upp úr þakinu hefur reisn skálans aukist, en vandi er að breyta últiti formfastra bygginga, sem skálinn er, svo vel fari.

Fyrir í haust vitjuðu Ástvaldur, Sverrir og Hafliði ásamt öðrum kappfullum ökumönum, skálanna í Kverkfjöllum og við Goðahnúka. Nokkur raki er í Kverkfjallaskálunum. Er þar trúlega um að kenna hitanum í hólnum „Tunnuskeri”, sem skálinn stendur á. Goðahnúkaskálinn var aftur á móti sem nýr, þurr og vistlegur.

Í athugun er enn þá bygging náðhúss á Grímsfjalli. Ekki er fullljóst enn hvernig hægt er að eyða eða losna við frárennslið.

Stefán Bjarnason

ÁRSHÁTÍÐ

Nú fer að styttast í hina árlegu og viðfrægu árshátfð JÖRFÍ. Verður hún haldin í nýjum og skemmtilegum sal í Mosfellsbæ. Hljómsveit Guðmundar Hauks mun leika fyrir dansi. Vínveitingar verða á hóflegu verði og miðaverð fer lækkandi frá í fyrra, 3.500 kr. Rútuferð innifalin.

Skemmtinefndin

ÁRSHÁTÍÐ

Árshátíð JÖRFÍ 1993 verður haldin 13. nóvember n.k. í

Í MOSFELLSBÆ

Rútuferð kl. 19:30. Miðar kosta 3.500 kr. (rútuferð innifalin) og verða seldir hjá Valda rakara, Rakarastofunni Dalbraut 1.

